






# Sandkorn 19. desember 2008

## SANDKORN





# Ritstjórnarpistill


Jæja nú eru jólin að koma og að því tilefni er jólablaðið okkar að koma út. Við í fjölmiðlun höfum unnið hörðum höndum að þessu blaði síðan í lok nóvember. Við höfum tekið viðtal við marga og einnig einn frægan einstakling (;. Það hafa margir hjálpað okkur við þetta blað og þar tökum við með allra þá sem hafa verið í viðtölum hjá okkur og hjálpað okkur að gera blaðið sem skemmtilegast. Þessi jólin vorum við nú ekki í vandræðum með að fylla blaðið og meira að segja komumst ekki allar hugmyndir sem við komum með í blaðið . Blaðið hefur nú samt uppá margt að bjóða og á það að halda lesandanum við efnið . Þetta ár eins og öll önnur var haldinn forsíðukeppni og ljóða- og smásagnakeppni . Við viljum innilega þakka nemendum sem sendu inn myndirnar sínar , ljóðin og sögurnar. Þetta voru allt alveg frábærar myndir og allt það en því miður komst ekki allt í blaðið . Við reyndum að hafa sem flestar og völdum þær bestu og flottustu til að vera í blaðinu. Eigiði nú öll gleðileg jól og farsælt komandi ár.


## Jólakveðjur Fjölmiðlahópurinn








# Stjörnuspáin 2008


 **Vatnsberinn** (20.jan - 18.feb): Þú lest grein um ávexti, kaupir banana, skefur innan úr þeim, þurrkar og reynir að selja sem flautur. Nokkrir tónlistarmenn í Sandgerði sýna þessu áhuga en annars verður þetta misheppnað.


 **Ljónið** (23.júlí - 22.ágúst): Erfiður mánuður og þú óskar þess núna að hafa farið á kínverksa námskeiðið sem þér bauðst í haust. Farðu í það þessa vikuna og verslaðu einungis fyrir klukkan 4 á daginn.


 **Meyjan** (23.ágúst - 22.sept): Þú ákveður að láta að þér kveða í mengunarmálum. Þú stofnar samtök og vilt að Bylgjan verði lögð niður. Jón Ólafs borgar þér ti ... fær þig .. til að hætta við.


 **Vogin** (23.sept - 23.okt): Þú veltir fyrir þér spurningunni um upphaf alheimsins og tilgang lífsins ... í sirka 2 mínútur. Síðan heldurðu áfram lífsgæðakapphlaupinu og sérð fram á að ná í mark fljótlega.


 **Sporðdreki** (24.okt - 21.nóv): Þú dregur fram töfra dótið sem þú fékkst í afmælisgjöf fyrir löngu. Eftir margar tilraunir, hverfur kötturinn þinn. Þú eyðir aleigunni í að prenta límmiða sem á stendur: "Ég hata töfradót".


 **Fiskarnir** (19.feb - 20.mars): Þú ætlar að spara þennan mánuðinn og býrð til skíði úr gömlum girðingarstaurum og járnherðatrjám. Þú ert rekin(n) úr Bláfjöllum en þeir í Skálafelli kaupa af þér hugmyndina.


 **Krabbinn** (22.júní - 22.júlí)  
Þú getur allt í einu lesið afturábak go ritýn réþ þú í utsý rasæ. Férbatuh níþ í órtaA akkæh go úþ ðrés mafr á ða ateg tpyek nanneþ nnigunrföh mes giþ rufeh fatlla ðagnal í.

 **Tvíburarnir** (21.maí - 21.júní)  
Þú kynnist óvænntum kínverja Hann kemur til með að kenna þér mikið um sögu lands síns. Ekki hlusta á hann heldur reyna að ná góðum út- og innflutningssamböndum.

 **Bogamaður** (22.nóv - 21.des): Þig ferð í klippingu í mánuðinum en hefur ekki efni á strípum. Þú gælir við það að nota skóáburð í staðinn en hættir við þegar þú manst eftir "Kivi slysinu" hjá pabba þínum hér um árið.

 **Steingeit** (22.des - 19.jan): Þú grefur upp gömlu "Dallas" þættina í mánuðinum, situr heima og hugsar um gömlu góðu dagana. Þú gleymir að kaupa jólagjafir og gefur öllum gamla Dallas þætti í staðinn.

 **Hrúturinn** (21.mars - 19.apríl): Þú heyrir hávaða fyrir utan hjá þér og þegar þú athugar málið sérðu menn í kafarabúningum ganga fram hjá. Varastu eindregið að horfa í augun á þeim!

 **Nautið** (20.apríl - 20.maí): Þú finnur gamalt safn af "Andrés Önd blöðum". Ekki reyna að hagnast á þeim! Þú manst allt í einu eftir því hvar þú geymir jólakortin frá því í fyrra en gleymir því síðan aftur.

# Jólagjöfin mín í ár

## 1. bekkur

Haldór Ingi Jóhannuson:  
Star Wars

Helgi Þorsetinn Arnarsson:  
Transformers sverð

Daníel: Star Wars búning,  
svarthöfða

Jóhannes Adolf:  
Transformers flugvél

Alexandra Mist: Barbie

Hildur Helma: Dúkkuvagn

Aþena Ýr: Bangsa

Hildur Ýr: Bangsa

Isthildur Ósk: Dúkkuvagn

Kevin Thomas:  
Pokemon dót

Birta Líf: Föndurdót

Jóhann Sveinbjörn:  
Walle dót

Lísabet Þórdís: Bratz

Kolbrún Eva:  
Gúmmí sundlaug

Eva María: Bangsa

María Rós: Dúkku

Gerald Breki: Lego

Guðjón Sæberg: Lego

Paulina Suchwalko: Dúkku


Þórsteina Þöll: Dýra dót

Skúli: Hulk dót

Victoria Ósk: Bangsa

Sesselja Sóley: Dúkku

# Sverrir Þór Sverrisson



1. Hvað ertu gamall? 31 árs síðan í ágúst.
2. Hvar áttu heima? Í gulu húsi í smábúðarhverfinu.
3. Áttu konu eða barn/börn? Jamm, eina konu og tvö börn.
4. Hvaða stjörnumerki ertu? Ég er ljón.
5. Áttu dýr? Nei takk, tvö börn er fínt í bili.
6. Hvaðan kom nafnið Sveppi? Mamma hans Bárðar á 3. hæð í Eyjabakka 9 í Breiðholti byrjaði á þessu eftir að ég bað hana um það.
7. Hvernig byrjaði starfsferillinn þinn? Með tveggja mánaða göngutúr í kringum landið.
8. Hvernig var í Strákunum eða 70 mínútum? Það var yndislegt, fullorðnir menn að haga sér eins og krakkar, getur ekki verið betra.
9. Hvernig var að vinna með Pétri Jóhanni og Audda? Það var og er frábært, enda toppmenn.
10. Ertu mjög upptekinn maður? Ekkert svo svakalega, stundum er mikið að gera og stundum lítið, annars er ég líka oft að vinna þegar aðrir eru í fríi.
11. Hvernig var í Sandgerði á Sandgerðisdögum? Það var bara stuð og stemming, enda langt síðan ég kom síðast.
12. Hvað ertu að gera (vinna við) þessa stundina? Nú er ég að skrifa handrit af Bíómynd um ævintýri Sveppa og Villa.
13. Ertu að leika í einhverjum leikritum? Nei ekki eins og staðan er núna.
14. Finnst þér gamán að vera frægur? Jájá það getur oft verið gaman að vera þekktur, en það hefur líka sína galla.
15. Hvað ætlar þú að borða um jólin? Vonandi Rjúpur.
16. Finnst þér gaman á jólnum? Já, hressandi tími fyrir alla.
17. Hvað gerir þú á jólnum? Borða mat, jólaboð, hitta vini, spila borðspil, drekka bjo... jólaöl :)
18. Hver er uppáhalds jólasveinninn þinn? Stúfur er flottur.
19. Áttu einhverja skemmtilega minningu frá jólnum? Einu sinni var ég að keyra í jólaboð sem ég nennti ekki í og bíllinn festist og ég gat ekki losað hann og svo kom pabbi og hjálpaði mér að draga hann og svona vesen og ég missti af jólaboðinu.
20. Er eitthvað sem þú vilt segja krökkunum í Sandgerði að lokum? Bara passið ykkur á flugvélunum!

# Tvær með öllu

1. Hvað heitir hún á fullu nafni?
2. Hvað er hún gömul?
3. Hvað er hún búinn að vinna lengi í skólanum?
4. Hvað kennir hún?
5. Hvað er stjörnumerkið hennar?
6. Hvenar á hún afmæli?
7. Hvað er uppáhaldsmaturinn hennar?
8. Hvað er uppáhalds hljómsveitinn hennar?
9. Hver er draumaprinsinn hennar?
10. Hvað finnst henni mest böggandi?

## Vegu svör um Röggv:

1. Ragnhildur Lóa Guðmundsdóttir
2. 42 ára
3. 11 ár
4. Þjóðfélagsfræði, Dönsku og Starfræði
5. Bogamaður
6. Veit ekki
7. Grjónagrautur
8. Guð, hef ekki hugmynd
9. Maðurinn hennar
10. Þegar talað er illa um folk

## Rétt svör um Röggv:

1. Ragnhildur Lovísa Guðmundsdóttir
2. 43 ára
3. 11 ár
4. Samfélagsf., dönsku og stærfræði
5. Bogamaður
6. 28. nóv
7. íslenskt saltkjöt og baunir
8. Papar
9. Gift honum
10. Þegar hún er sein á morgnanna



## Röggv svör um Vegu:

1. Vega Rós Guðmundsdóttir
2. 32 ára
3. 1 ½ ár
4. Samfélagsfræði og dönsku
5. Bogamaður
6. Lok okt.
7. Eitthvað ítalskt
8. Queen
9. Dillan
10. Þegar nemendur hlusta ekki

## Rétt svör um Vegu:

1. Vega Rós Guðmundsdóttir
2. 30 ára
3. 1 ½ ár
4. Samfélagsf., dönsku, kristinfræði og þjóðflagsfræði
5. Bogamaðurinn
6. 30. nóv
7. Pestó kjúklingur (ítalskt)
8. Coheat 'n Combris
9. Dillan
10. Vakna snemma um helgar

# Hvað veistu um vinn þinn?

## Rétt svör

Nafn: Andri Már Elvarsson  
Afmæli: 8. september  
Uppáhalds matur: Pizza  
Uppáhalds litur: Blár  
Uppáhalds gæludýr: Hundur  
Áhugamál: Box og tölvur  
Nafn móður: Sigrún Björg Guðjónsdóttir  
Nafn föðurs: Elvar Grétarsson  
Fyrsta gæludýr: Köttur  
Uppáhalds mynd: Pass

### Svör Kalla — 8,5 af 10 rétt


Nafn: Andri Már Elvarsson  
Afmæli: 8. september  
Uppáhalds matur: Pizza  
Uppáhalds litur: Blár  
Uppáhalds gæludýr: Köttur  
Áhugamál: Box  
Nafn móður: Sigrún Guðjónsdóttir  
Nafn föðurs: Elvar Grétarsson  
Fyrsta gæludýr: Köttur  
Uppáhalds mynd: Pass



Nafn: Karl Pór Harðarson  
Afmæli: 15. september  
Uppáhalds matur: Pizza  
Uppáhalds litur: Blár  
Uppáhalds gæludýr: Köttur  
Áhugamál: Tölvur  
Nafn móður: Anna Lilja Guðjónsdóttir  
Nafn föðurs: Hörður Már Karlsson  
Fyrsta gæludýr: Köttur  
Uppáhalds mynd: Pass




### Svör Andra — 9 af 10 rétt

Nafn: Karl Pór Harðarson  
Afmæli: ??? september  
Uppáhalds matur: Pizza  
Uppáhalds litur: Blár  
Uppáhalds gæludýr: Köttur  
Áhugamál: Tölvur og Family Guy  
Nafn móður: Anna Guðjónsdóttir  
Nafn föðurs: Hörður  
Fyrsta gæludýr: Köttur  
Uppáhalds mynd: Pass








# Grettukeppni







**og sigurvegarinn er...**



**Aldís Vala G. HPW**



# Ljóða- og smásagnakeppni

## Flottasta ljóðið

Ljóð

Þessi jól eru mín.

Þessi jól eru þín.

Og hvert einasta snjókorn fellur á þig.

Og mitt hjarta blómstrar,  
við snjókornið sem fellur á þig.

Ingimar Jenni Ingimarsson, 6. HPV

Á jólnunum

Á jólnunum er gleði og gaman.

Allir krakkar koma saman.

Óli, Stína, Bína og Sigga,  
saman öll köku byggja.

Rosa gaman saman,  
bara hafa kósý gaman.

Sunneva Ósk 6. HPV

Það eru að koma jól

Það eru að koma jól  
og ég er í finum kjól.

Það er mikill snjór,  
og pabbi er með bjór.  
Mig langar að búa til hól,  
en það er engin sól.

Sigríður Margrét, 6. HPV



# Jólasagan 2008

## Jólasaga

Einu sinni var stelpa sem alveg dýrkaði jólasveina. Einu sinni sátu hún og mamma hennar við kvöldverðinn (eldhúsbordíð), þá sagði hún við mömmu sína, mamma veist hvað? Nei sagði mamma hennar. Það er verið að selja Leppalúða í búðinni. Nei það getur ekki verið. Jú, alveg satt. Förum út í búð og skoðum. Já, ókey, sagði mamma hennar. Þær fóru út í búð. Þegar þær komu sagði hún við mömmu sína, mamma! Það er hérna mamma, komdu það er hér! Ókey, ég er að koma. Hérna? Nei elskan mín, það er verið að selja lampa og fisk (lúðu). Nei það stendur hérna Leppalúði. Nei það stendur lampi og lúða til sölu. Ókey. Komum heim og klárum matinn.

Aldís Vala 6. HPV

## Ljóð

Það er haust í dag.  
Þetta er fallett lag.  
Bráðum kemur vetur.  
Hugsaðu eins og þú getur.  
Þetta er vitið mitt.  
Komdu með þitt.  
Þetta er endirinn minn.  
Og frágangurinn þinn.



## Jóla jól eftir 7. GF

Bráðum koma jóla jól,  
Jesús fer að hlakka.  
Kannski fæ ég hlaupa  
hjól, Halli fer að pakka.

Indíana Huld, 6. HPV



# Forsíðukeppni Sandkorns




## 3. sæti

Daníel 1. HS




PAULINA




Thelma Guðlaug 9. BB



Paulina 1. HS




Gerald Breki 1. HS



Katrín Danica 7. GF



Kristín Fjóra 3. PB




Haraldur Árni 7. GF

2GA

Vilmundur



Vilmundur 2. GA



# Viðtal við Kertasníki

Fréttamenn Sandkorns hittu Kertasníki á dögunum og tóku við hann stutt viðtal. Brjálað var að gera hjá karlinum við að hjálpa bræðrum sínum með skógjafirnar en þrátt fyrir það gaf hann sér smá tíma til að setjast niður þegar honum var boðið heitt kakó og piparkökur.

## Hvað finnst þér skemmtilegast að gefa í skóinn?

Nú, mér finnst skemmtilegast að gefa strákunum bíla en stelpunum dúkku.

## Hverjum gefur þú gjafir í skóinn?

Góðu krökkunum auðvitað. Óþekku krakkarnir fá nú samt stundum kartöflu í skóinn. Það er svona áminning frá okkur til þeirra að um jólin eiga allir að vera stilltir og góðir.

## Hvar áttu heima?

Ég á heima í fjöllumum með foreldrum mínum og bræðrum. Ég ætla ekki að segja nákvæmlega í hvaða fjalli af því að þá væri enginn friður fyrir forvitnu fólki en við höfum samt gott útsýni yfir Sandgerði og getum fylgst vel með öllu sem þar fer fram.

## Hvað eru þið bræðurnir margir?

Við erum þrettán talsins. Jú, sko í gamla daga tíðkaðist það að fólk eignaðist fleiri börn en gengur og gerist í dag. Það hefur alltaf verið mikið stuð á okkar heimili.

## Hvað heita foreldrar þínir?

Þau heita Leppalúði og Grýla. Ekki láta nafnið á mömmu minni hræða þig, hún er vænsta skinn. Og Leppalúðinn hann pabbi, góður karl í alla staði. Þau eru kannski ekki myndarlegustu hjón í heimi, hafa til dæmis ekki farið í fót snyrtingu í mörg mörg ár en þau hafa alið okkur bræðurnar upp við mikla ást og umhyggju.

## Hvað gerir þú á sumrin?

Ég tek mér góðan tíma til að slaka á. Við bræðurnir spilum skák og Hornarfjarðarmanna, njótum fallegrar náttúrunnar sem er allt í kring og stundum, ef vel liggur á mömmu og pabba, þá förum við til útlanda. Við förum auðvitað ekki í rauðu fallegu búningunum okkar, það eru sparifötin okkar sem við notum aðeins einu sinni á ári.

## Hvenær setur þú í skóinn?

Ég er síðastur í röðinni sem þýðir að ég gef í skóinn aðfaranótt aðfangadags. Ég læðist um með kertastubbinn minn í hendinni og lauma góðum gjöfum í fallegu skóna sem sitja í gluggunum.

## Finnst þér börnin í Sandgerði vera stillt og góð börn?

Jú svona oftast. Þetta eru allt góðir krakkar en eiga það til að gleyma sér og láta oft illa. Verst þykir mér þegar þau eru vond við hvort annað og foreldra sína. Það er nú ekkert að því að gera eitt og eitt prakkarastrik, það fylgir því bara að vera lítill.

## Þú varst kosinn vinsælasti jólasveinninn af krökkunum í Grunnskólanum í Sandgerði, hvernig heldur þú að standi á því?

Já var það, en hvað það er nú gaman að heyra. Ég veit ekki af hverju, kannski vegna þess að ég er aðeins gáfaðri en bræður mínir tólf og heldur myndarlegri líka. Þeir gleyma stundum að snyrta skeggið sitt og líta því heldur ófrýnilega út. Ég þakka krökkunum í Sandgerði fyrir að hafa kosið mig og hlakka til að gefa þeim fallegar gjafir í skóinn í Þorláksmessukvöld.




# Uppáhaldsjólasveinninn minn

Nemendur í fjölmiðlun gerðu könnun dagana fyrir jól og spurðu nemendur skólans hver uppáhalds jólasveinninn þeirra væri. Alls tóku 191 nemandi þátt í könnuninni og var Kertasníkir lang vinsælastur. Alls voru 95 sem völdu Kertasníki. Næst vinsælastur var Stúfur með alls 63 atkvæði.

## Kertasníkir




Litaðu mig



# Glingló, Dabbi og Rex

1. Hvað ætlið þið að gera um jólin? Við ætlum að eiga róleg og notaleg jól og njóta þess að vera saman. Við ætlum að skiptast á gjöfum, borða góðan mat, lesa margar bækur og leika okkur mikið.
2. Hver er uppáhaldsjólasveinninn ykkar? Kertasníkir, við höfum nefnilega hitt hann einu sinni.
3. Hvað ætlið þið að borða um jólin? Við Glingló og Dabbi borðum rækjur og fáum okkur svo rjóma á eftir. Rex borðar risastórt bein.
4. Eru þið búin að plana að hitta jólaköttinn aftur? Já já, ef hann bara þorir!
5. Rex hvernig er að vera einn með kisunum? Sko, ef ég leyfi þeim að ráða, þá er það bara mjög fint.
6. Hvernig ætlið þið að skreyta jólatréð ykkar? Við hengjum fullt af skrautlegum kúlum á það og líka engla og jólsveina og setjum svo gula stjörnu á toppinn.
7. Eru þið öll bestu vinir? Já, við sprellum oft og grínumst mikið saman og erum alltaf góðir vinir.
8. Hvað langar ykkur í jólagjöf? ( Dabbi, Glingló, Rex) Okkur finnst öllum lang skemmtilegast að fá heimatilbúnaar gjafir, t.d. mynd, ljóð eða sögu. Það er svo gaman að fá persónulegar gjafir frá vinum sínum.
9. Ætlið þið að baka fyrir jólin? Já, við bökum alltaf piparkökur fyrir jólin og skreytum þær í öllum litum. Kökurnar eru stundum svolítið frjálsglegar í laginu en það er bara betra.
10. Ætlið þið að fá í skóinn? **JÁ**, við ætlum að senda Rex út í bílskúr að ná í vöðlurnar til að setja í gluggann því við erum sko búin að vera mjög þæg í 3 daga í röð.
11. Sprengið þið eitthvað upp á áramótunum? Já fullt af rakettum. Í fyrra sprengdi Glingló líka óvart hurðasprengru fyrir aftan Rex og honum brá svo að hann flaug aðeins lengra en ein rakettan. Abbababb....
12. Ætlið þið að vera öll saman á áramótunum? Já, við erum alltaf öll saman.
13. Trúið þið á álfa og huldufólk? Ójá, og tröll líka.
14. Eitthvað sem þið viljið segja við krakkana í Sandgerði? Já, okkur finnst mjög gaman að heyra hvað krakkarnir í Sandgerði eru dugleg að lesa. Það eru nefnilega til svo mikið af flottum orðum í íslenskunni sem gaman er að kunna. Eins og orðið snædrífa, það er mjög fallett orð sem þýðir snjócoma. Okkur langar líka að segja ykkur frá því að bráðum kemur út ný bók með okkur. Við fórum í ferðalag í sumar og lentum í mörgum ævintýrum sem við munum segja frá í bókinni. Við ætlum ekki að segja ykkur hvað staðurinn heitir, heldur ætlum við að gefa ykkur vísbendingu og athuga hvort þið vitið svarið. Og takið nú eftir. **Það er oft sagt að á þessum stað sé að finna heimsins stærsta fil.** Hvaða staður á Íslandi er þetta? Ætli kennararnir viti það? Að lokum óskum við ykkur öllum gleðilegra jóla og munið nú að vera góð við hvort annað! Jólakveðja, Glingló, Dabbi og Rex





# Jólapraut

3. praut

Grýla og Leppalúði ákváðu að mæla hæð og þyngd allra strákanna sinna. Það gekk nú bara nokkuð vel og mælingin lítur þannig út:



Nafn	Hæð - cm	Þyngd - kíló
Stekkjastaur	189	95
Giljagaur	175,5	77
Stúfur	161	72
Pvörusleikir	190	69
Pottaskefill	186,5	91,5
Askasleikir	177	89,5
Hurðaskellir	178,5	85
Skýrjarmur	174	92
Bjúgnakrækir	182,5	84
Gluggagægir	184,5	92,5
Gáttapefur	178	88
Ketkrókur	170,5	86
Kertasníkir	188	90,5

Hver jólasveinanna er hæstur og hver er lægstur? \_\_\_\_\_


Hvað munar miklu á þeim? \_\_\_\_\_

Hver jólasveinanna er léttastur og hver er þyngstur? \_\_\_\_\_

Hvað munar miklu á þeim? \_\_\_\_\_

Hver er meðalhæð þeirra og hver er meðalþyngd? \_\_\_\_\_

Hvernig væri nú að teikna mynd af stærsta sveininum og þeim minnsta!



# Bestu vinkonur

Lilla og Lydía 8. PBT

Hvenær kynntust þið? Í 6. bekk höldum við.

Hvernig kynntust þið? Við vorum saman í bekk.

Eru þið oft saman? Já, alla daga.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt? Já, eiginlega flest.

Segið þið hvor annarri allt? Já.

Hvað gerið þið þegar þið eruð saman? Mikið, flippum, chillum og erum oft úti.



# Dr. Sáli

Jónas fór til sálfræðings. Sálfræðingurinn teiknaði hring á blað og spurði „Hvað sýnist þér þetta vera?“

„Nakin kona,“ sagði Jónas.

Sálfræðingurinn teiknaði fering á blað. „En þetta?“ sagði hann

„Nakin kona á göngu,“ sagði Jónas.


Nú teiknaði sálfræðingurinn þríhyrning á blaðið.

„Hvað heldur þú að þetta sé?“ spurði hann.

„Þetta er nakin kona sem situr á stól,“ svaraði Jónas.

„Ja hérna,“ sagði sálfræðingurinn. „Mér sýnist að þú sért með kynlíf á heilanum.“

„Ég???“ sagði Jónas. „Það ert þú sem ert að teikna allar klámmyndirnar!“



**Hvar er Zippý?** Einhversstaðar í blaðinu er Zippý að fela sig. Getur þú fundið hann?





# Afmælisbörn desember mánaðar

1. HS: Helgi Þorsteinn Arnarsson (18. des),
2. EBR: Christian Karl Kubischta (14. des).
4. MS: Rakel Rós Ágústsdóttir (27. des).
5. LBG: Anna Karen Guðmundsdóttir (2. des), William Weimer (24. des).
6. HPV: Bryndís Bridget Smith (23. des), Hannes Einarsson (4. des), Petra Wium Sveinsdóttir (2. des), Rebekka Jóhönnudóttir (10. des).
7. GF: Anna Margrét Eypórsdóttir (3. des), Víðir Jóhannson (28. des).
8. PBT: Margrét Rósa Ægisdóttir (14. des)
9. JJ: Björg Kara Elefsen (19. des), Guðjón Þorberg Ólafsson (28. des), Helena Rún Benjamínsdóttir (19. des), Sigurbjörg Júlía Stefánsdóttir (25. des).
10. Bekkur: Halldóra Katrín Guðnadóttir (1. des), Hlökkver Magnús Stefánsson (22. des).

## Jólin á pólsku

Boże Narodzenie	Jól
Wesołych Świąt (Bożego Narodzenia)	Gleðileg jól
Szczęśliwego Nowego Roku	Gleðilegt ár
Adwent	Aðventa
Św. Mikołaj	Jólasveinn
Choinka	Jólatré
Prezent (świąteczny)	Jólagjöf
Pocztówka świąteczna	Jólakort
Wigilia	Aðfangadagur
Pierwszy dzień Świąt	Jóladagur
Drugi dzień Świąt	Annar í jólum
Sylwester	Gamlaárskvöld
Nowy Rok	Nýársdagur



# Jólasveinavísur

**Giljagaur** var annar,  
með gráa hausinn sinn.  
-Hann skreið ofan úr gili  
og skaust í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum  
og froðunni stal,  
meðan fjósakonan átti  
við fjósamanninn tal.

Sá fimmti **Pottaskefill**,  
var skrítið kuldastrá.  
-Þegar börnin fengu skófir  
hann barði dyrnar á.

Þau ruku'upp, til að gá að  
hvort gestur væri á ferð.  
Þá flýtti' ann sér að pottinum  
og fékk sér góðan verð.

**Skyrjarmur**, sá áttundi,  
var skelfilegt naut.  
Hann hlemminn o'n af sánnum  
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig  
og yfir matnum gein,  
uns stóð hann á blístri  
og stundi og hrein.

**Ketkrókur**, sá tólfti,  
kunni á ýmsu lag.-  
Hann þrammaði í sveitina  
á þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,  
þegar kostur var á.  
En stundum reyndist stuttur  
stauturinn hans þá.

**Stúfur** hét sá þriðji,  
stubburinn sá.  
Hann krækti sér í pönnu,  
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu  
og hirti agnirnar,  
sem brunnu stundum fastar  
við barminn hér og þar.

Sá sjötti **Askasleikir**,  
var alveg dæmalaus.-  
Hann fram undan rúmunum  
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana  
fyrir kött og hund,  
hann slunginn var að ná þeim  
og sleikja á ýmsa lund.

Níundi var **Bjúgnakrækir**,  
brögðóttur og snar.  
Hann hentist upp í rjáfrin  
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann  
í sóti og reyk  
og át þar hangið bjúga,  
sem engan sveik.

Ellefti var **Gáttaþefur**  
-aldrei fékk sá kvef,  
og hafði þó svo hlálegt  
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði  
upp á heiðar fann,  
og léttur, eins og reykur,  
á lyktina rann.

**Stekkjastaur** kom fyrstur,  
stinnur eins og tré.  
Hann laumaðist í fjárhúsin  
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,  
-þá varð þeim ekki um sel,  
því greyið hafði staurfætur,  
-það gekk nú ekki vel.

Sá fjórði, **Þvörusleikir**,  
var fjarskalega mjór.  
Og ósköp varð hann glaður,  
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding  
og þvöruna greip,  
og hélt með báðum höndum,  
því hún var stundum sleip.

Sjöundi var **Hurðaskellir**,  
-sá var nokkuð klúr,  
ef fólkið vildi í rökkrinu  
fá sér vænan dúr.

Hann var ekki sérlega  
hnugginn yfir því,  
þó harkalega marraði  
hjörunum í.

Tíundi var **Gluggagægir**,  
grályndur mann,  
sem laumaðist á skjáinn  
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni  
álitlegt að sjá,  
hann oftast nær seinna  
í það reyndi að ná.

Þrettándi var **Kertasníkir**,  
-þá var tíðin köld,  
ef ekki kom hann síðastur  
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,  
sem brostu glöð og fín,  
og trítluðu um bæinn  
með tólgarkertin sín.